

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/3/EB**frá 15. janúar 1998****um aðlögum að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/116/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð(*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
100. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá
18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um
tilbúinn áburð ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 97/63/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í 7. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um svæði án innri landamæra
þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi
og fjármagnsflutningar eru tryggðir.Í tilskipun 76/116/EBE er mælt fyrir um reglur um
markaðssetningu tilbúins áburðar á innri markaðinum.Nauðsynlegt er að bæta nýjum tegundum tilbúins áburðar inn í
I. viðauka við tilskipun 76/116/EBE til að þær geti notið góðs af
bandalagsmerkingunni sem kveðið er á um í II. viðauka við þá
tilskipun.Í auglýsingu 94/C 138/04 ⁽³⁾ er kveðið á um málsmeðferð sem
hverjum þeim (framleiðanda eða fulltrúa hans), sem æskir að
nota bandalagsmerkingu samkvæmt II. viðauka tilskipunar
76/116/EBE á tilbúinn áburð, ber að fylgja með því að leggja fram
tæknimöppu til yfirvalda aðildarríkisins sem gegna munu hlutverki
skýrslugjafa gagnvart starfshópi um tilbúinn áburð hjá
framkvæmdastjórn EB.Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í
samræmi við álit nefndar um aðlögum að tækniframförum á
tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í
viðskiptum með tilbúinn áburð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr:*Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við tilskipun
76/116/EBE:Bæta skal tilbúna áburðinum, sem um getur í viðaukanum við
þessa tilskipun, við í I. lið C-hluta sem ber yfirskriftina „Eingildur
áburður í vökvaformi“.*2. gr:*Við 1. lið í A-hluta III. viðauka við tilskipun 76/116/EBE bætast
eftirfarandi vörur og vikmörk:

„kalsíumnítratsviflausn	0,4%
köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%
köfnunarefnisáburðarsviflausn með þvagefnisformaldehýði	0,4%“.

*3. gr:*Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að
fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1998 og
tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þeim ber að
beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 1999.Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau
verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um
slíka tilvísun.*4. gr:*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. janúar 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 18, 23.1.1998, bls. 25, var nefnd
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/1999 frá 26. mars 1999
um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30. 1. 1976, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 335, 6. 12. 1997, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 138, 20. 5. 1994, bls. 4.

VIÐAUKI

C. TILBÚINN ÁBURÐUR Í VÖKVAFORMI

1. EINGILDUR ÁBURÐUR Í VÖKVAFORMI

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um framsetningu næringarefna Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar um tegundarheitið	Skylduupplýsingar um næringarefnainnihald Form og leysni innihaldsins Önnur viðmið
1	2	3	4	5	6
„5	Kalsíumnítratssviflausn	Vara unnin með sviflausn kalsíumnítrats í vatni	8% N Köfnunarefni gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis eða sem nítrats- og ammóníaksköfnunarefni Hámarksinnihald ammóníaksköfnunarefnis: 1,0% 14% CaO Kalsíum gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO	Heimilt er að láta eina af eftirfarandi ábendingum fylgja tegundarheitinu: - notist til laufúðunar - notist í næringarefnalausnir og -sviflausnir - notist sem fljótandi áburður	Heildarmagn köfnunarefnis Nítratsköfnunarefni Vatnsleysanlegt kalsíumoxíð
6	Köfnunarefnisáburðarlausn með þvagefnisformaldehýði	Vara unnin með kemiskri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og köfnunarefnisáburður af lista A-1 í tilskipun 76/116/EBE, að vörunum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis Minnst þriðjungur af yfirlýstu heildarmagni köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði Hámarksinnihald bíúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,026		Heildarmagn köfnunarefnis Ef magn þess er minnst 1%: - nítratsköfnunarefni - ammóníaksköfnunarefni - þvagefnisköfnunarefni Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði
7	Köfnunarefnisáburðarsviflausn með þvagefnisformaldehýði	Vara unnin með kemiskri aðferð eða með því að leysa þvagefnisformaldehýð upp í vatni og köfnunarefnisáburður af lista A-1 í tilskipun 76/116/EBE, að vörunum í 3 a), 3 b) og 5 undanskildum	18% N gefið upp sem heildarmagn köfnunarefnis Minnst þriðjungur af yfirlýstu heildarmagni köfnunarefnis verður að koma úr þvagefnisformaldehýði en af því verða minnst þrjú fimmtu að vera uppleysanlegir í heitu vatni Hámarksinnihald bíúrets: (þvagefnis-N + þvagefnisformaldehýð N) x 0,026		Heildarmagn köfnunarefnis Ef magn þess er minnst 1%: - nítratsköfnunarefni - ammóníaksköfnunarefni - þvagefnisköfnunarefni Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er uppleysanlegt í köldu vatni Köfnunarefni úr þvagefnisformaldehýði sem er aðeins uppleysanlegt í heitu vatni“